

Mál nr. 2/2010

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Miðhúsabraut á Akureyri þann 30.9.2009.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 7.1.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 13.1.2010.
3. Bréf Y, dags. 25.1.2010.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið suður Miðhúsabraut á Akureyri og var A ekið á undan B. Skammt norðan verslunarinnar Bónuss í Kjarnagötu var B ekið aftan á A. Rökkur var, góð lýsing og þurrt færi þegar áreksturinn varð.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 50-60 km hraða á klst. Hann hafi veitt B athygli fyrir aftan sig, en henni hafi verið ekið mjög nærri A, óþægilega nærri að honum fannst, þar sem hann hafi verið með tvö börn í aftursæti. Hann hafi þurft að teygja sig aftur í bifreiðina til að sinna börnunum. Á sama tíma hafi hann stigið á hemla og vikið til hægri. Þá hafi B rekist á vinstra afturhorn A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 50 km hraða á klst. á eftir A, en þó ekki verið óeðlilega nálægt henni. Skyndilega hafi ökumaður A hemlað. Hann hafi ekki náð að hemla í tæka tíð og árekstur orðið.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber ökumanni, ef hann ætlar að stöðva ökutæki eða draga snögglega úr hraða þess, að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Ökumaður A vissi af ferðum B fyrir aftan sig óþægilega nærri að honum fannst. Er hann hugðist draga úr ferð bar honum að gæta þess sérstaklega að það mætti gerast án þess að skapa hættu gagnvart B. Þá sýndi ökumaðurinn aðgæsluleysi með því að teygja sig aftur í bifreiðina um leið og hann hemlaði meðvitaður um B fast fyrir aftan sig. Á ökumaður A sök á árekstrinum. Ökumanni B tókst ekki að stöðva í tæka tíð er hann varð þess var að ökumaður A hemlaði. Hann hefur ekki gætt þess að hafa nægilegt bil á milli bifreiðanna svo ekki væri hættu á árekstri þótt ökutækið sem á undan fór stöðvaðist eða dregið væri úr hraða þess, eins og áskilið er í 3. mgr. 14. gr. ufl. Á ökumaður B því einnig sök á árekstrinum. Eins og aðstæðum var háttað í tilviki því sem hér um ræðir verður ekki séð að annar ökumanna eigi meiri sök en hinn. Verður sök skipt að jöfnu á milli þeirra.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 16. febrúar 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.